

Fundur 15.5.2023 Herarik ,Tokkaríi.

Komið þið sælir og heilsa ég ykkur fagnandi og vildi ég óska að þið fengjuð hlutdeild í orku þeirri sem er hér í salnum.

Og höfum við lengi ætlað okkur að komast í samband við ykkur en nokkrir úr okkar hópi hafa náð sambandi, en saga okkar nær yfir langt tímabil og nokkuð stór hópur okkar hefur horfið inn í hið mikla meginland án þess að þess megi sjá merki.

Og núverandi íbúar þess meginlands og forfeður þeirra hafa sagt frá okkur.

Og erum við hér stödd í stjörnusambandsstöð mikilli og get ég sagt það með sanni að eftir því sem lengra á lífstefnubrautina er komið verða þær sambandsstöðvar stærri og geta tekið við fleiri aðilum og mögnunin því meiri.

Og hefur okkur ekki nægt í framlífi þessu að byggja sambandsstöð þessarar borgar uppi á fjöllum heldur er hér manngerð slétta og upphækkuð og voru það miklar framkvæmdir á sínum tíma og er þar stjörnusambandsstöð okkar.

Ætla ég nú að reyna að segja frá frumlífi mínu á jörðinni svo ég geti tengst fundinum betur og komið fram með nafn mitt ef hægt er.

Vil ég byrja á því að lýsa því að ekki vorum við á mörgum landssvæðum þar sem við bjuggum, auðug af jarðneskum gæðum en áttum merkilega menningar arfleið og sumir mismunandi hópar okkar höfðu komið sér í svo góð efni og svo viðurkennda stöðu innan heildar þjóðarinnar að við bjuggum í ríkulegum hýbýlum.

En ég tilheyrði þeim fjölmenna hópi þjóðar okkar og tegundar sem kallast hirðingjar og höfðum ekki fasta búsetu og margir okkar á flóttu undan keisurum og valdhöfum sem fóru illa með minnihluta hópa.

Þegar ég var upp á jörðinni var saga okkar langt liðin og áttum við okkur glæstar sögur fortíðarinnar og sögðum við þær sögur í tjöldum og skyndihúsum sem byggð voru úr jarðefnum sem ekki entust til margra ára, en var það engu að síður nokkuð gott líf og á ég margar góðar minningar frá þeim tíma og var samfélag okkar nokkuð réttlátt og höfðum við fylgt hefðum þjóðflokks okkar og tegundar um langt langt áratuga og alda skeið.

Og snérust þær reglur um jafnan rétt á þingum og atkvæðisrétt þegnanna en ekki drottunargirni einræðis höfðingja eða keisara eins og víða tíðkaðist í kringum okkur.

Höfðum við heyrt af því að nágranna þjóðir okkar í Evrópu á þeim tíma voru undir árásum og hervaldi Rómverja og létu þar af sínum forna átrúnaði fyrir ríkisvald og miðstýringu og voru fjölmargir innan ættflokka okkar sem þekktu einstaklinga frá þeim landssvæðum og sögðu sögurnar af þeim, en vorum við of langt í burtu til að verða fyrir áhrifum af þessu mikla valdi sem kom upp.

Hef ég hér í framlífi mínu á mörgum hnöttum rannsakað og frætt mig um þær miklu þjóðfélags breytingar sem urðu á þessum tíma og ekki tel ég íbúa gömlu jarðarinnar sem ég tala við séu mörgum kunnugt um það að kirkjuvaldið sem kom upp í þessum löndum skömmu eftir að ég fór á fyrsta framlífs hnött minn.

Og við fjölguðum okkur á framlífs hnöttum og héldum þar áfram að lifa, var nátengt herdeildum þeim sem æddu yfir Evrópu og kölluðu menn í Rómverska herinn og náðu yfir sig landssvæðum og auðæfum og kom á skipulagi sem var fyrirmynd miðstýringar á miðöldum og síðar.

Og erum við þar að tala um Jahve sem mun hafa hjálpað Rómverjum að sölsa undir sig lönd til að undirbúa frekari umbreytingar á þjóðfélaginu.

Erum við svonefndir TokkAríar og við bjuggum í Asíu um langt skeið og var ég uppi skömmu eftir Kristburð að ykkar tímatali og lifðum við þar nokkuð góðu lífi og hef ég haldið áfram á lífstefnu brautinni.

Var trú okkar að vísu orðin blindin og hafði í sér einkenni af austrænum trúarbrögðum, en eftir að við komum á framlífs hnöttinn tókum við aftur upp hina réttu trú og höfum við haldið því við.

En get ég nú ekki talað mikið lengur að sinni, verð ég að hleypha öðrum að, en nafn mitt er Herarik.

*Herarik?*

Já.

*Vertu velkominn.*

Takk fyrir.

*Gangi þér sem best.*

Já,

*Voru þið hestamenn?*

Já, það má segja það.

Og munum jafnvel hafa komið með einhverjar nýjungar inn í Kínaveldi, en það gerðist fyrir löngu og væri áhugavert að fá þau sambönd frá forfeðrum mínum, já það er rétt, við vorum hestamenn og menning okkar með ágætum.

Og áttum meiri samskipti við nágranna okkar en haldið var, sumstaðar menningarverðmæti bókmenntir og skartgripir og helgigripir, en saga okkar og Kínverja annarra var misjafnlega friðsöm eins og gerist og gengur og í sumum tilfellum ljótir útrýmingar atburðir og styrjaldir og annað sem gerðist.

En höfum við hér lifað á framfara brautinni, á lífstefnu brautinni og tengjumst við hér mörgum og stefnum að því að fjölga og koma góðum áhrifum til skila og hjálpa og efla og tengjast öðrum á framfara brautinni.

Og viljum við gjarnan segja sögu okkur betur síðar, verð ég nú að kveðja, verið þið sælir.

*Pakka þér fyrir og vertu blessaður.*